

Verkefni vegna Hitaveitu Sauðárkróks

María Jóna Gunnarsdóttir

Greinargerð MJG-86-05

VERKEFNI VEGNA HITAVEITU SAUÐÁRKRÓKS

Hitaveita Sauðárkróks fær vatn frá jarðhitasvæði við Áshildarholtsvatn um 1,5 km frá bænum. Alls hafa verið boraðar 13 holur og þar af er nú búið að steypa í 8 holur. 4 holur eru tengdar veitunni (10,11,12,13) og gefa þær samtals 144 l/s af 67 til 72°C heitu vatni samkvæmt mælingu ÞIH í ágúst 1984. Auk þess gefur hola 9 10.6 l/s. Samtals hefur hitaveitan því 154,6 l/s og hámarksnotkun er að sögn hitaveitustjóra 100 l/s.

Eftir heimsókn til hitaveitunnar 28. ágúst og fund með hitaveitustjóra og veitustjórni er hér gerð eftirfarandi verkefnaáætlun fyrir næstu mánuði fram að áramótum.

Verkefni Orkustofnunar

1. Ljúka við og gefa út skýrslu um vatnsvinnslu við Áshildarholtsvatn. En það verk hefur ÞIH nær lokið við.
2. Vinna úr kímamælingum sem gerðar voru 1981. Þessar mælingar voru með þeim fyrstu hér á landi og á vissan hátt tilraun. Hitaveitan greiddi uppihald mælingaflokks gegn því að fá niðurstöður. Að sögn ÓGF eru á verk efnaáætlun 2 vikur settar í það verkefni og er það RK sem vinnur verkið.

Verkefni hitaveitunnar

Að setja upp rennslismæla, þrýsti- og hitamæla á allar holur. Hér er mælt með að setja upp venjulega rúmmetramæla sem eru valdir vandlega með tilliti til þess rennslis sem er í hverri holu. Með þeim er hægt að mæla augnabliksrennslis og auk þess skrá magn. Auk þess að setja upp vasa fyrir kvikasilfurshitamæla og þrýstimæla.

María J. Gunnarsdóttir